

LÚRIR ÞÚ Á FRÉTT? HRINGDU ÞÁ Í SÍMA 68-65-62

Við tökum við ábendingum um fréttir allan sólarhringinn. Greiddar verða 1000 krónur fyrir hverja ábendingu sem leiðir til fréttar í blaðinu og 10.000 krónur fyrir ábendingu sem leiðir til bitastæðustu fréttar mánaðarins. Fullrar nafnleyndar er gætt NT, Síðumúla 15, Reykjavík, sími: 686300, auglýsingar 18300
Kvöldsímar: áskrift og dreifing 686300 • ritstjórn 686392 og 687695 • íþróttir 686495

Banaslys við Vík í Mýrdal:

Ók framhjá brúnni og lést samstundis Grunur leikur á ölvun

■ Banaslys varð á þjóðvegnum rétt fyrir utan Vík í Mýrdal, aðfaranótt þriðjudags. Mjólkurbílstjóri sem var á leið til vinnu sinnar klukkan sjö um morguninn varð var við fólksbifreið, sem farið hafði út af veginum við Uxafótarlæk, 2-3 kílómetra frá Vík. Þegar farið var að grennslast fyrir um afdrif ökumanns, kom í ljós að hann var látinn.

Reynir Ragnarsson lög-

regluþjónn í Vík í Mýrdal sagði í samtali við NT í gær að grunur léki á að ökumaðurinn hefði verið undir áhrifum áfengis. Hann sagði að greinilegt væri að ökumaðurinn hefði verið á miklum hraða og hefði bíllinn farið hægra megin við hægra brúarhandriðið og kastast yfir árfarveginn og hafnað á brúaruppistöðum hinum megin við brúna. Maðurinn var einn í bílnum og mun hafa látist samstundis.

Síbrotaður:

Á eftir að afplána fjóra fangelsisdóma


– verður í gæsluvarðhaldi þar til Hæstiréttur hefur fjallað um málið

■ Síbrotaður var úrskurdaður í gæsluvarðhald í gær, allt fram til 2. október. Maðurinn var tekinn í íbúð við Nylendugötu fyrir í vikunni, grunaður um íkveikju og innbrot í nokkur hús í götunni.

Maðurinn hefur verið dæmdur fjórum sínum frá því í desember síðastliðnum, en öllum dómunum hefur verið áfrýjað. Þórir Oddsson hjá RLR sagði í samtali við NT í gær, að

um síbrotagæslu væri að ræða, þar sem atlað væri að Hæstiréttur tæki til meðferðar áfrýjanir mannsins í september, og með gæslunni væri hægt að koma í veg fyrir að hann myndi fremja afbrot áður en Hæstiréttur hefði fjallað um áfrýjanirnar.

Samtals eru dómarnir sem maðurinn á yfir höfði sér um tvö ár. Hann hefur 11 sinnum verið úrskurdaður í óskilorðsbundið fangelsi.



■ Íslensku listakonurnar Anna Þóra Karlsdóttir, Hildur Hákonardóttir, Áslog Sverrisdóttir og Ása Ólafsdóttir, á bak við verk norska textillistamannsins Lars Jørgen Falkenberg. NT-mynd: Sverrir.

Golfleikari á Akureyri:


„Drap“ tvo tittlinga

■ Hann uggði ekki að sér, auðnutittlingurinn, sem söng í tré sínu, er Sigurbjörn Sigfússon, GK, sló upphafshögg sitt á fjórðu braut á landsmóti í golfi á Akureyri. Það var ekki fyrr en kúla Sigurbjörns small í eggjunum sex í hreiðri hans, að auðnutittlingurinn gerði sér ljósa hættuna sem fylgir því að búa rétt við golfvöll. Hvítu boltinn braut tvo eggjana og tók fuglinn því illa, réðst að Sigurbirni og fylgissveinum hans er þeir hófu leit að kúlunni. Hún fannst svo í hreiðrinu og Sigurbjörn tók víti fyrir þetta einstaka upphafshögg.

Loðnu landað á Eskifirði í dag

■ Þrjú íslensk loðnuskip eru nú við veiðar á miðunum við Jan Mayen. Guðrún Porkelsdóttir var í þann mund að fylla sig síðdegis í gær, og búist var við að úr henni yrði landað 600 tonn af loðnu á Eskifirði í dag.

Á miðunum voru einnig Gísli Árni og Svanur, en hvorugur hafði kastað nótinni í gær. Að auki voru á þriðja tug norskra og danskra báta á miðunum.



■ Halldór var skipaður í stöðuna af sjávarútvegsráðherra.

Halldór Árnason fiskmatsstjóri

■ Halldór Árnason, efna- og hagfræðingur, hefur verið skipaður fiskmatsstjóri. Um-sækjendur um stöðuna voru tveir, Halldór og Guðrún Hallgrímsdóttir, matvælaverkfræðingur.

Halldór var iðnráðgjafi hjá Samtökum sveitarfélaga á Austurlandi 1980 til 1982. Hann starfaði hjá iðntæknistofnun við samræmingu á störfum iðnráðgjafa um allt landið á árunum 1982 til 1984. Þá sat hann í stjórn Kísilmálmverksmiðjunnar hf. og var formaður stjórna 1982 til 1983. Nú síðast var Halldór verkefnastjóri markaðsverkefnis sjávarútvegsráðuneytisins.

Silla bar hrosshár í pokum heim til mín

Samnorræn sýning textillistafólks á Kjarvalsstöðum

■ Í Egyptalandi til forna var sagt að það væri svo erfitt að vera vefari að það væri jafnvel erfðara en að vera kona. Konurnar – vefararnir – á Kjarvalsstöðum kíma og líta hver á aðra. Þær eru að kynna samnorræna sýningu á textilverkum sem opnar um helgina á Kjarvalsstöðum, og þær eru nýbúnar að segja frá því að aðeins örfáir karlmenn séu í sýningarhópnum.

Að þeirra mati eru einkenniandi fyrir sýninguna hin dökku form, sem er að finna í mörgum verkanna – svört, sterk hrynjandi. Og það séu engin ellimörk á henni að finna þó svo þetta sé í fjórða skiptið sem sýningin er haldin.

Að vísu hafi sýningin ef til vill fengið á sig alþjóðlegan blæ. Þannig sé nú að efni og efnismedferð textillistafólks hafi breyst mikið frá því fyrir ellefu árum, er sýningin var fyrst haldin, en það komi henni ótvírætt til góða að það eru listamennirnir

sjálfir, sem standa á bak við hana og velja verkin á sýninguna.

Peim finnst að sýning, sem þessi, hljóti að stuðla að því að vekja virðingu manna fyrir gömlum hannyrðum og leida listamann yfir í nútímann þó svo þeir styðjist við gömul verkfæri. Þær hafi til dæmis í auknum mæli á síðustu árum notað snældu og rokk, litun og svo vinni þær sjálfar pappír og lím til að nota við iðju sína. Þá hefur hrosshár orðið æ vinsælla.

„Ég gleymi því ekki þegar hún Silla hljóp út í fjárhús og

bar hrosshár í pokum heim til mín.“ Það er Hildur Hákonardóttir, sem skyndilega rifjar upp minningar. „Ég varð svo undrandi að ég gapti.“

Sýningin á Kjarvalsstöðum stendur frá 3. til 25. ágúst og á henni eru 80 verk norrænna textillistamanna. Þetta er í fjórða skiptið, sem sýningin er haldin, en Norræni menningarmálasjóðurinn, Mennta- og Menningarmálaráðuneyti Norðurlandanna kosta hana, auk þess sem sýningarstaðirnir fella niður leigu á húsnæði.

Japanar

skoða

Þjóðarbók-

hlöðuna

■ Japanska fyrirtækið sem seldi Innkaupastofnun ríkisins áklæðninguna sem sett var á Þjóðarbókhlöðuna, hafa sent fulltrúa sinn hingað til að framkvæma frumrannsókn á gallanum sem fram hefur komið á klæðningunni.

Klæðningin er enn í ábyrgð og var fyrsta rannsóknin framkvæmd í gærmorgun. Ásgeir Jóhannesson forstjóri Innkaupastofnunar sagði NT að ekkert nýtt hefði komið fram við þessa rannsókn.

Einungis var sendur einn maður til landsins, vegna þessarar frumrannsóknar og á hann að komast að því, hvers eðlis þessi galli er. Um miðjan mánuðinn koma síðan fleiri sérfræðingar frá Japan, til að meta skemmdirnar út frá niðurstöðum þessarar frumrannsóknar.